

Fjármálaráðuneytið
Ab. <i>Raðh.</i>
15 DES. 2004
Db. 031-3
Tilv.: <i>FJR04120059</i>

Ár 2004, fimmtudaginn 9. desember var Kjaradómur settur að Hverfisgötu 4 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Margréti Guðmundsdóttur, Óttari Yngvasyni og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið:

Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. lögum nr. 120/1992.

I.

Kjaradómur tók síðast heildarákvörðun um launabreytingar með úrskurði dagsettum 10. maí 2003. Í þeim úrskurði gerði Kjaradómur verulegar breytingar á launakerfi dómsins. Auk þess hækkuðu laun þeirra sem Kjaradómur úrskurðar laun allnokkuð, en mismikið þó. Kjaradómur hefur ekki talið tilefni til almennra launabreytinga frá þeim tíma.

Um komandi áramót munu laun á almennum vinnumarkaði að jafnaði hækka um 3%, þar á meðal laun þeirra aðila sem Kjaradómur hefur gjarnan til hliðsjónar við ákvarðanir sínar, samanber 5. grein laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Telur Kjaradómur því eðlilegt að hækka um 3%, frá og með 1. janúar 2005, laun þeirra sem taka laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms.

II.

Í desember ár hvert skal auk þess greiða hverjum þeim, sem tekur laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms, desemberuppbót sem jafngildi 14 einingum Kjaradóms, enda sé viðkomandi í fullu starfi. Með fullu starfi er átt við 100% starf á almanaksárinu til 31. október. Hafi viðkomandi gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal honum greitt hlutfallslega. Á sama hátt skal sá sem látið hefur af starfi en hefur starfað samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall.

III.

Þann 18. júlí 1997 tók Kjaradómur ákvörðun um það að fyrir tilfallandi gæsluvaktir skyldi greiða dómara yfirvinnu sem jafngildi 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi dómara fyrir hverja yfirvinnustund. Með mánaðarlaunum er átt við laun sem ákvörðuð eru fyrir dagvinnu, þ.e. laun án eininga. Til að taka af öll tvímæli, þá er það áréttað að Kjaradómur hefur ekki breytt ákvörðunum um greiðslur fyrir tilfallandi gæsluvaktir. Skipulag gæsluvakta er hins vegar á forræði Dómstólaráðs en ekki Kjaradóms og mun vera mismunandi milli dómstóla.